



Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals
b.t. Himars Snæs Guðmundssonar
Tjarnargötu 11, c/o Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Reykjavíkurborgar
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. janúar 2021
Tilvísun: 2021010207/25.1.1

Efni: Svar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna máls nr. R21010209

Vísað er til fyrirspurnar íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals um leyfileg svæði til lausagöngu hunda.

Almennt er fjallað um hvar heimilt er að hafa hunda lausa í 15. gr. samþykktar um hundahald í Reykjavík nr. 478/2012. Á kortinu sem fylgdi erindinu er sett fram gróf myndræn lýsing sem ekki hefur lagagildi, sker ekki um nákvæm mörk svæðis, en er til leiðbeiningar. Við Rauðavatn má, eins og segir í samþykktinni, hafa lausa hunda utan göngustígs við vatnið og eins á svæðum fjarri íbúðabyggð og tilheyrir svokölluðum austurheiðum sem heiðar í kringum Grafarholt og Úlfarsárdal tengjast. Svæðin sem kortið tekur til er mikið nýtt til útivistar af mismunandi hópum og þurfa þeir að taka tillit hver til annars enda jafnframt um almenn útivistarsvæði að ræða. Í því samhengi þar sem spurt er sérstaklega um lausagöngusvæði fyrir hunda í erindinu, þá eiga hundar ávallt að vera undir stjórn ábyrgs aðila, þarna sem annars staðar. Hér skal nefna skipulagða göngustíga, reiðstíga og akvegi þar sem er taumskylda, sbr. 14. gr. samþykktarinnar. Skipulagsfulltrúi er að vinna rammaskipulag m.a. fyrir þetta svæði þar sem nánar mun verða kveðið á um notkun svæðisins.

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Árný Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri